



Jafnréttisáætlun

Skýrsla v. 2022

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
A) Markmið og aðgerðir – Starfsfólk.....	3
1. Launajafnrétti	3
2. a) Laus störf.....	3
2. b) Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun	5
3. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs	6
4. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni	7
B) Markmið og aðgerðir – Nemendur.....	7
1. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni	7
2. Menntun og skólastarf.....	8
C) Viðbótarmarkmið, aðgerðir og jafnréttisvísar	9
1. Ýmis viðbótarmarkmið og aðgerðir – staða í árslok 2022	9
2. Jafnréttisvísar – staða í árslok 2022	10

Inngangur

Jafnréttisáætlun FVA byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020 og kveður á um markmið og aðgerðir til að tryggja bæði starfsfólki skólans og nemendum þau réttindi sem kveðið er á um í lögnum. Jafnframt er horft til laga nr. 86/2018 um bann við allri mismunun fólks á vinnumarkaði á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar og laga nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna utan vinnumarkaðar. Þá er jafnrétti eitt af einkunnarorðum FVA (jafnrétti, virðing og fjölbreytileiki) og þannig samofið öllum grunnpáttum í skólastarfi og jafnréttisáætlun.

Ásamt skólameistara skipa eftirtalin jafnréttisráð: Finnbogi Rögnvaldsson, Hörður Hallgrímsson og Sigríður Ragnarsdóttir auk jafnréttisfulltrúa sem er Ólöf H. Samúelsdóttir.

Frá 6. janúar 2021 var hægt að óska eftir [hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá](#). Þeir sem óska eftir hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá eru skráðir „Kynsegin/annað“. Kynhlutlaus skráning er val einstaklings og forsjáraðila barna yngri en 15 ára. Á árinu 2022 voru engar kynhlutlausar skráningar hjá FVA. Í töflum í köflum A) Markmið og aðgerðir – Starfsfólk og B) Markmið og aðgerðir – Nemendur, eru því aðeins tilgreind kynin kk (karl) og kvk (kona). Í jafnréttisvísi í kafla C) eru tölfræðiupplýsingar, samandregnar upplýsingar um það sem fram kemur í köflunum á undan. Þar hefur verið bætt skammstöfuninni ke/a vegna mögulegrar skráningar sem „Kynsegin/annað“ frá og með árinu 2021.

Grunnupplýsingar um starfsfólk (s.s. nafn, kyn, kennitala o.fl.) eru sóttar í launa- og mannauðskerfi ríkisins (Orra) sem sækir þær í þjóðskrá. Grunnupplýsingar um nemendur eru einnig sóttar úr þjóðskrá í gegnum kennslu- og upplýsingakerfið Innu og Menntagátt.

Jafnréttisráð og jafnréttisfulltrúi hafa endurskoðað jafnréttisáætlun og skólameistari samþykkt hana. Ný áætlun tók gildi þann 5. febrúar 2023. Breytingar á markmiðum og aðgerðum til að uppfylla þau eru ekki umfangsmiklar.

Þessi skýrsla vegna ársins 2022 byggir á settum markmiðum og aðgerðum í jafnréttisáætlun frá 2020 og er unnin af gæðastjóra og jafnréttisfulltrúa (ný jafnréttisáætlun er í vinnslu). Samantekt á niðurstöðum varðar A) Markmið og aðgerðir vegna starfsfólks, B) Markmið og aðgerðir vegna nemenda og C) Viðbótarmarkmið, aðgerðir og jafnréttisvísa, var borin undir jafnréttisráð. Ekki voru gerðar athugasemdir við samantektina og niðurstöður en sem fyrr áréttar jafnréttisráð mikilvægi málefnalegrar greiningar og rýni á hindranir á jafnrétti í FVA ásamt því að árangur af völdum aðgerðum til mótvægis séu árangursmetnar. Skýrslan er staðfest af skólameistara en jafnréttisfulltrúi kynnir hana fyrir starfsfólki.

Akranesi, 20. mars 2023

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari

A) Markmið og aðgerðir – Starfsfólk

Markmið og aðgerðir jafnréttisáætlunar varða:

1. Launajafnrétti (19. gr. laganna)
2. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun (20. gr. laganna)
3. Samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs (21. gr. laganna)
4. Kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni (22. gr. laganna)

Hér er gerð grein fyrir árangri af aðgerðum gagnvart aðgerðum og markmiðum er lýst með „umferðarljósunum“ þar sem grænn litur táknar að markmiði hafi verið náð, gulur litur að þokast hafi í rétta átt eða að verið sé að vinna í málum en rauður litur táknar að enginn árangur hafi náðst. Nánari lýsingu á markmiðum, aðgerðum og ábyrgðaraðila er að finna í Jafnréttisáætlun FVA frá 2020, sjá fylgiskjal.

1. Launajafnrétti

Aðgerð	Tímarammi	Staða lok 2021	Staða lok 2022
Jafnlaunavottun – endurúttektir og viðhaldsvottanir	Lokið í des árlega		
Árleg launagreining til að kanna hvort um kynbundinn launamun sé að ræða	Lokið í des árlega		
Leiðréttu laun ef óútskýrður munur kemur fram á launum kynjanna	Lokið í des árlega		

FVA hlaut jafnlaunavottun í mars 2020. Frá þeim tíma hafa verið framkvæmdar þrjár viðhaldsvottanir og fyrsta endurúttekt var framkvæmd í desember 2022. Vottunarstofan iCert framkvæmir úttektir samkvæmt samningi við FVA þar um. Í skýrslu úttektarstjóra dags. 26.2.2023 segir: “Niðurstaða úttektarstjóra er að jafnlaunakerfi FVA uppfyllir áfram kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Í úttektinni var ekki greint ósamræmi við kröfur ÍST 85:2012, hvorki í formi frávika né athugasemda. Mælir úttektarstjóri með því að veitt verði áframhaldandi vottun á jafnlaunakerfið innan hins tilgreinda gildissviðs, „allir starfsmenn Fjölbrotaskóla Vesturlands“. Í úttektinni var m.a. farið yfir niðurstöður launagreiningar sem var gerð í byrjun desember 2022: Launamunur kynjanna (óleiðréttur launamunur uppreiknaður), dagvinnulaun: Konur 3,10% hærrí miðað við 12 mánuði. Launamunur kynjanna (óleiðréttur launamunur uppreiknaður), heildarlaun: Karlar 4,78% hærrí miðað við 12 mánuði. Allur launamunur er útskýrður. Vottunarstofan upplýsir Jafnréttisstofu um niðurstöðurnar. Á grundvelli framangreinds má gera ráð fyrir að Jafnréttisstofa staðfesti vottun en núgildandi skírteini rennur út þann 18. mars 2023. Næsta formlega úttekt verður í desember 2023.

2. a) Laus störf

Aðgerð	Tímarammi	Staða lok 2021	Staða lok 2022
Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfsmannahópum (birt í ársskýrslu)	Lokið í jan árlega		
Samantekt yfir auglýst störf, kynjahlutf. umsækjenda og þeirra sem eru ráðnir* ¹	Lokið í jan árlega		
Samantekt yfir stöðu kynja í ráðum og nefndum í eða á vegum skólans* ²	Lokið í jan árlega		
Tryggja faglegt og gegnsætt ráðningarferli fyrir auglýstar stöður* ³	Lokið 2020		
Allir hvattir til að sækja um laus störf, óháð kyni	Alltaf þegar auglýst er		



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

***1 – Samantekt yfir auglýst störf, kynjahlutf. umsækjenda og þeirra sem eru ráðnir**

Auglýst störf 2022	Fjöldi augl. starfa	Fjöldi umsókna		Fjöldi ráðinna		Starfshlutfall og aths.
		kk	kvk	kk	kvk	
Bókasafns- og uppl.míðstöð (1)	1		5		1	100%
Dönskukennari (1)	1	1	2	1		75%
Kennarar í rafiðngreinum (augl. tvisvar) (3)	3	3		3		100%
Kennari í stærðfræði (1)	1	5	2	1		100%
Kennari í trúðngreinum (augl. tvisvar) (3)	3	3		3		100%
Kennari í sögu, stjórn málafr. og heimspeki (1)	1	7	1	1		100%
Kennari í listum og skapandi greinum (1)	1		7		1	50%
Náms- og starfsráðgjafa (1)	1		5		1	50%
Sálfræðingur (augl. fjórum sinnum) (1)	1	1		(1)		50% (starf hefst 2023)
Sérkennari eða þroskaþjálfari á starfsbraut (1)	1	1	2		1	80%
Spænskukennari (1)	1	1	4		1	50%
Stuðningsfulltrúi á starfsbraut (1)	1		2		1	100%
Samtals fjöldi	16	22	30	10	6	

***2 – Samantekt yfir stöðu kynja í ráðum og nefndum í eða á vegum skólans**

Nefnd, ráð, verkefni	kvk	kk	Aths.
Heilsuefning	4	1	+ 1 stjórnandi
Umhverfismál	1		+ 1 stjórnandi
Félagslífsfulltrúi	1		
Umsj. dreifnáms	1	2	
Afreksíþr.	1		
Áfallateymi	3	2	+ 2 stjórnendur
Forvarnaftr.	1		
Grænu skrefin	3	1	+ 1 stjórnandi
Öryggisnefnd	1	3	+ 1 stjórnandi
Umsjón nýrra starfsm.	1		
Vefteymi	1	1	+ 1 stjórn. (kk er ytri aðili)
Jafnréttisráð	2	2	+ 1 stjórnandi
KOSS-starfsm.fél.	4	1	
Skólaráð	1	1	
Skólanefnd	1		+ 2 stjórnendur
Skammhlaup	1	1	
Heimavistarráð	1		
Teymi um innl. Farsældarl.	4		
Stoðteymi	3		+ 2 stjórnendur
Fulltrúaráð		1	
Innri úttekt	1	1	
Samtals	36	17	

Á árinu 2022 voru taldar 36 virkar nefndir/ráð og skilgreind verkefnisumsjón í skólanum sem 36 konur og 17 karlar sinntu. Mörg verkefnanna eru skilgreind í stofnanasamningi KÍ. Fjórir karlar tóku þátt í tveimur verkefnum hver og sex konur í tveimur eða fleiri verkefnum hver.

Nefndir og ráð utan skólans sem þrjú stjórnendur (allir skólastjórnendur eru konur) tóku þátt í voru samtals 8:

Nefndir og ráð sem stjórnendur tóku þátt í utan skólans – ytri hagsmunaaðilar	kvk	kk	Aths.
Í stjórn Breið, Þróunarfélags og Nýsköpunarseturs	1		Skólameistari
Í stuðningsteymi KÍ og Mrn um aukna virkni stofn.samninga í framhaldssk. f.h. SMÍ	1		Skólameistari
Varamaður í Kennararáði f.h. SMÍ	1		Skólameistari



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Í þróunarteymi hjá Advania um Innu	1		Aðstoðarskólameistari
Í stýrihópi Innu	1		Aðstoðarskólameistari
Í þróunarteymi hjá Menntaskýi	1		Aðstoðarskólameistari
Í stýrihópi Ferilbókar	1		Aðstoðarskólameistari
Í starfshópi um samskipti og einelti hjá Akraneskaupstað	1		Áfangastjóri

*3 - Tryggja faglegt og gegnsætt ráðningarferli fyrir auglýstar stöður

Við ákvörðun um ráðningu í starf hjá FVA er byggt á lögum og reglum. Ráðningarferli hjá FVA er faglegt og skipulagt og miðar að því að hæfasti umsækjandinn sé ráðinn hverju sinni. Þannig er leitast við að tryggja að ákvörðun um ráðningu byggi á hlutlægu mati og að niðurstaða gefi ekki tilefni til athugasemda umboðsmanns Alþingis komi til þess að umsækjandi kæri hana. Engar kærur voru lagðar fram vegna ársins 2022.

Ráðningar hjá FVA taka mið af eftirfarandi:

Leiðbeiningar um ráðningar á [Mannauðstorgi ríkisins](#)

[Starfsmannalög nr. 70/1996](#)

[Stjórnslutölur nr. 37/1993](#)

[Reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar á lausum störfum](#)

[Lög nr. 56/2017 um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum](#)

[Persónuverndarlög nr. 90/2018](#)

Kjarasamningar stéttarfélaganna og ríkisins: [KÍ](#), [KVH](#), [SBU](#), [Sameyki](#), [VLFA](#)

Stofnanasamningar stéttarfélaganna og ríkisins: [KÍ](#) (2021), [Sameyki](#) (jan. 2023), [VLFA](#) (2021), [SBU](#) (2021), [KVH](#) (2021)

[Jafnlaunakerfi FVA](#)

Jafnréttisáætlun FVA

2. b) Starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Aðgerð	Tímarammi	Staða í árslok 2021	Staða í árslok 2022
Taka saman kyngreint yfirlit yfir nám/námskeið sem starfsfólk hefur sótt *1	Fyrir lok feb. árlega		
Hvetja til endurmenntunar og starfsþjálfunar (skólameistari framkvæmir) *2	Árlega fyrir lok maí		

*1 – *2 Frá byrjun mars árið 2022 var starfsemi skólans loksins laus við takmarkanir vegna Covid 19 þó áfram skyldi huga að sóttvörnum. Starfsfólk fór smám saman að sækja aftur fræðslu og námskeið bæði í raunheimum og rafrænt en rafrænt fyrirkomulag var aukið miðað við tímuna fyrir Covid. Lagt er til að gerður verði gagnagrunnur þar sem starfsfólki er gert kleift að skrá námskeið sem þau sækja á hverju ári. Eins er kostur að skila skriflegum upplýsingum til skólameistara um námskeið sem sótt eru.

Ýmis fræðsluerindi og námskeið voru í boði, ýmist í skólanum eða á öðrum vettvangi og voru mörg þeirra rafræn; ekki var haldið utan um þátttöku. Listi yfir það sem var í boði er ekki tæmandi: Ráðstefna um leiðsagnarnám; Námskeið til að auðga stafræna færni ríkisstarfsfólks; Fundur/fræðsla um farsæld barna og ungmenna á Akranesi; Fyrirlestur um sjálfstraust og samanburð; Skólaheimsókn til Kaupmannahafnar; Málþing velferðarvaktarinnar; Kennarar miðluðu reynslu og hugmyndum eftir endurmenntun á liðnu sumri; Erindi um vinnustaðameningu, árangur og liðsheild; Utis 2022; Fræðsla um sykursýki og flogaveiki og viðbrögð við því; Menntakvika 2022 - Ráðstefna í menntavísindum; Kynning á ferilbók (um nýtt skipulag vinnustaðanáms í iðngreinum); Fyrirlestur um betri svefn; Skyndihjálparnámskeið; Geðfræðsla; Fundur um börn sem beita ofbeldi.

Nám til kennsluréttinda: Þrír kennarar (kk) luku námi til kennsluréttinda á árinu og eru nú tveir til viðbótar (kk) í sama námi.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Nám á fagsviði: Þrír starfsmenn (kk) eru í háskólanámi á sínu fagsviði, þar af tveir kennarar. Starfsþróun/símenntun: Þátttakendur í Menntafléttu (lotubundin endurmenntun) eru 6 (1 kk og 5 kvk).

Öll njóta þau svigrúms til námsins.

Formlegt utanumhald skráninga vegna starfsþróunar er enn í mótun og áætlað að það verði tekið í gagnið á vorönn 2023.

3. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Aðgerð	Tímarammi	Staða í lok 2021	Staða í lok 2022
Kynna leiðir um möguleika á breyttu vinnu- eða vinnutímafyrirkomulagi *1	Þegar þörf krefur		
Kennarar geta lagt fram óskir um kennslumagn og skipulag stundatöflu *2	Fyrir upphaf annar		
Annað starfsfólk getur óskað tilhliðrana á vinnutíma *3	Þegar þörf krefur		
Kynna fyrir starfsfólki réttindi sín og skyldur við vinnustaðinn v. fæðingar- og foreldraorlofs og leyfi vegna veikindi barna *4	Þegar þörf krefur		
Taka saman kyngreind gögn um sókn í og nýtingu úrræða sem styðja FVA sem fjölskylduvænan vinnustað *5	Árlega í janúar		

*1 – Á árinu 2022 var lokið við útfærslu á „Betri vinnutíma“ við starfsfólk allra stéttarfélaganna utan KÍ en kennarar eru ekki með hefðbundna útfærslu á 40 stunda vinnuviku og ekki hefur verið tekið á málinu í kjarasamningi.

*2 – Í tengslum við gerð stundaskrár fyrir hverja önn er kallað eftir óskum kennara um kennslumagn og skipulag í stundatöflu og reynt að fara eftir óskum þeirra eftir því sem aðstæður og stundatöflur nemenda leyfa. Sjá töflu í lið *5 hér neðar.

*3 – Allt starfsfólk getur óskað tilhliðrana á vinnutíma þegar það þarf á að halda og á samráð um slíkt við skólastjórnendur. Þess má geta að með „Betri vinnutíma“ er þörf starfsfólks fyrir viðbótartilhliðranir á vinnutíma minni en áður. Þá hefur reynsla af fjarvinnu í Covid skapað aukið svigrúm til sveigjanleika í skrifstofustörfum og öðrum störfum sem krefjast ekki viðveru á vinnustað á skilgreindum tíma.

*4 – Hjá FVA starfa rúmlega 60 manns og er meðalaldur starfsfólks tæp 49 ár bæði hjá konum og körlum. Starfsfólk leitar til stjórnenda þegar um er að ræða fæðingar- og foreldraorlof sem upplýsa um réttindi og skyldur vegna þessa sem og vegna veikinda barna og foreldra eða maka/sambúðarfólks. Trúnaðarmenn eru einnig til taks fyrir starfsfólk vegna upplýsinga og leiðbeininga um þessi mál.

*5 – Bæði karlar og konur í störfum hjá FVA í stéttarfélagunum Sameyki, VLFA, KVH og SBU, nýta sér samkomulag um betri vinnutíma; um að ræða 17 starfsmenn, 3 karla og 14 konur (haustönn 2022). Þess utan getur komið til annarra tilhliðrana á vinnutíma þegar fólk þarf á að halda, þ.m.t. um tímabundna fjarvinnu (einkum skrifstofufólk), í samráði við stjórnendur. Það sama gildir um kennara (í kjarasamningi KÍ er þó ekki tekið á betri vinnutíma) en á haustönn 2022 var um að ræða 45 kennara, 23 karla og 22 konur en fleiri konur eru í hlutstarfi. Stundatöflur kennara sem ráðnir eru í hlutstarf eru í samráði við þá enda sinna þeir að jafnaði öðru starfi sem taka þarf tillit til. Almennt gildir að reynt er að verða við óskum kennara hafi þær lítil eða engin áhrif á stundatöflur nemenda.

Fjöldi beiðna á haustönn 2022 um tilhliðrun í stundatöflu var 12 (9 árið áður) eða frá um rúmlega fjórðungi kennara. Meirihluti beiðnanna var frá konum eða 9 af 12. Beiðnir vörðuðu oftast samþjöppun á kennslu (s.s. að kennslan falli á færri vikudaga) eða að hún sé á ákveðnum tímum eða dögum. Hægt var að verða við 10 af 12 beiðnum. Þá eru 18 kennarar (um 40% kennara) komnir á kennsluafslátt (við 60 ára aldur) og meiri hluti þeirra er konur (61%).

Beiðnir um tilhliðrun í stundatöflu H2022		Beiðnir samtals H2022	Beiðnir um tilhliðrun í stundatöflu sem hægt var að verða við H2022		Samþykktar beiðnir samtals H2022
kk	kvk	kk og kvk	kk	kvk	kk og kvk
3	9	12	2	8	10



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Engar formlegar beiðnir bárust á árinu frá öðru starfsfólki (samtals 17) á haustönn 2022 en samkomulag var um tímabundna fjarvinnu þegar það hentaði starfsfólki og starfsemin leyfði. Einnig lá fyrir samkomulag um „Betri vinnutíma“.

4. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

Aðgerð	Tímarammi	Staða í lok 2021	Staða í lok 2022
Starfsfólk fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og/eða kynferðislega áreitni og góð samskipti á vinnustað (skólameistari og jafnréttisráð). *1	Eftirfylgni allt árið		
Stefna FVA og forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi skal vera til staðar og kynnt fyrir öllu starfsfólki (skólameistari með aðkomu jafnréttisfulltrúa). *2	Árlega		
Í forvarnar- og viðbragðsáætlun kemur skýrt fram hvert skal leita ef slík mál koma upp. Kynnt í upphafi skólaárs. Áætlun skal vera aðgengileg á heimasíðu (skólameistari). *3	Árlega		
Tryggja eftirfylgni við áætlunina með áhættumati og forvarnaráætlun í félagslega starfsumhverfinu í samræmi við vinnuverndarlög. *4	Árlega		

*1 - *3 – Um þessa liði gildir það sama: Stefna og áætlanir í þessum málaflokki liggja fyrir og eru aðgengilegar á vef skólans ásamt verkferlum. Framangreint var uppfært á árinu 2021 en er nú aftur í endurskoðun og hliðsjónar höfum við EKKO áætlun Stjórnarráðsins. Ábendingahnappur er einnig á forsíðu á vef skólans. Allir þættir hafa verið kynntir fyrir starfsfólki á skólafundi og fyrir nemendum (t.d. í lífsleikniáfangi). Kynning og reglubundin fræðsla og eftirfylgd er með aðkomu jafnréttisfulltrúa og jafnréttisráðs auk náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda.

*4 –Vinnuumhverfisvísir fyrir skólann, þar með talið í félagslega starfsumhverfinu var uppfærður á árinu. Til stuðnings við eftirfylgd við niðurstöður áhættumats skv. vinnuumhverfisvísium var sett stefna um öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi í skólanum. Þess má geta að nokkrir þættir félagslegs og andlegs aðbúnaðar eru mældir í könnuninni Stofnun ársins en heildareinkunn FVA í könnunni 2022 var 4,21 en 4,20 árið áður. Áherslur til að viðhalda starfsánægju hafa verið á að efla lýðræðislega stjórnunarhætti, bæta vinnuskilyrði, sveigjanleika og samskipti svo eitthvað sé nefnt en samskiptasamningur verður unnin með starfsfólki og nemendum á vorönn 2023.

B) Markmið og aðgerðir – Nemendur

Markmið og aðgerðir jafnréttisáætlunar gagnvart nemendum varða:

1. Kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni
2. Menntun og skólastarf

Hér er gerð grein fyrir árangri af aðgerðum á árinu 2022 en nánari lýsingu á þeim, ábyrgðaraðila og markmiðunum sjálfum er að finna í Jafnréttisáætlun FVA sem er aðgengileg á vefnum en er í endurskoðun þegar þessar upplýsingar eru teknar saman (feb.-mars 2023). Stöðu gagnvart markmiðum og aðgerðum er lýst með „umferðarljósunum“ þar sem grænn litur táknar að markmiði hafi verið náð, gulur litur að þokast hafi í rétta átt eða að verið sé að vinna í málum en rauður litur táknar að enginn árangur hafi náðst.

1. Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

Aðgerð	Tímarammi	Staða í árslok 2021	Staða í árslok 2022
--------	-----------	---------------------	---------------------



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Að nemendur fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og/eða kynferðislega áreitni og góð samskipti reglulega á námstímanum til að koma í veg fyrir áreitni og ofbeldi (jafnréttisfulltrúi og skólameistari) * ¹	Í sept. ár hvert og eftirfylgni allt skólaárið		
Forvarnar- og viðbragðsáætlunin er kynnt fyrir nemendum (jafnréttisfulltrúi og skólameistari) * ²	Í upphafi annar		
Áætlunin er aðgengileg á vef skólans (gæðastjóri)	Í upphafi annar		
Nemendum kynnt hvert þeir geta leitað eða tilkynnt (ábendingarhnappur) ef þeir verða fyrir eða verða vitni að slíkri hegðun, hvort sem nemandi, kennari eða yfirmaður á í hlut (náms- og starfsráðgjafi, skólameistari) * ³	Í upphafi annar		
Að tryggja eftirfylgni við kynningu með könnunum (s.s. Skólapúlsinn og nemendakannanir) (aðstoðarskólameistari) * ⁴ - * ⁵	Árlega		

*¹ - *² - Kynning á forvarnar- og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegu áreitni og ofbeldi (EKKO) fellur m.a. undir umsjón og lífsleikniáfangu hjá nemendum á 1. ári og minnt á í [Skruddu](#) (vikulegt fréttabréf FVA á vefnum). Til viðbótar eru sérstakir áfangar síðar á námsferlinum, s.s. kynjafræði, kynheilbrigði, lýðheilsa og uppeldisfræði, þar sem nemendur fá fræðslu um þessi mál. Jafnréttisfulltrúi kemur með virkum hætti að þessari kynningum. EKKO áætlun FVA er í endurskoðun núna á vorönn 2023.

*³ - Á nýnemadegi og í lífsleikniáföngum eru skólahjúkrunarfræðingur og náms- og starfsráðgjafar kynntir fyrir nemendum sem aðilar til að leita til. Nemendur eru upplýstir um leiðir til að tilkynna; þetta er einnig kynnt í Skruddu, fréttabréfinu.

*⁴ - *⁵ - Í reglubundnum þjónustukönnunum er eftirfylgnin könnuð og leitast við að greina stöðuna og gera úrbætur í samræmi við þarfir. Tímasetning kannana af hálfu ytri aðila getur verið breytileg frá ári til árs.

2. Menntun og skólastarf

Aðgerð	Tímarammi	Staða í árslok 2021	Staða í árslok 2022
Allir nemendur geti valið áfanga í kynjafræði einhvern tímann á námstímanum og fái þannig fræðslu um jafnréttismál (skólameistari) – Frá hausti 2022 er kynjafræði skylduáfangi á bóknámsbrautum	Í boði á hverri önn		
Í námsáætlun skulu kennarar tilgreina markmið sem undirbýr alla nemendur undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi (kennarar) * ¹	Í upphafi annar		
Námsgögnum sem sannanlega reynast mismuna eftir kyni er skipt út fyrir annað betra námsefni í viðkomandi áfanga (tillaga fyrir endurskoðun: ...þar sem hægt er...) (deildarstjórar og kennarar) * ²	Í lok annar og fyrir hverja önn		
Náms- og starfsráðgjafar eru með náms- og starfsfræðslu og ráðgjöf í tengslum við sama nám og störf, óháð kyni, fyrir útskriftarnema í sérstökum lokaáfanga	Á hverri önn		
Fylgjast markvisst með kynjahlutfalli í námi á vegum skólans með það að leiðarljósi að námstilboð höfði til allra nemenda (skólastjórnendur og jafnréttisfulltrúi) * ³	Stöðumat árlega; niðurstöður birtar í ársskýrslu í maí		

*¹ - Bæta þarf nálgun og orðalag um þessar aðgerðir við endurskoðun Jafnréttisáætlunar í ársbyrjun 2023.

*² - Kennsluefni sem styður hugmyndir um jafnrétti hefur verið af skornum skammti en kennarar í kynjafræði hjá FVA velja viðeigandi efni hverju sinni til kennslu. Athugun meðal deildarstjóra kennslugreina staðfestir að kennarar hafa í huga að kennslugögn sem þeir nota mismuni ekki eftir kyni.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

*3- Í kennslu í hefðbundnum karlagreinum í iðnnámi höfðum við konu í starfi á árinu 2021 og fram á haustönn 2022; áfram er kappkostað að fá til starfa konur í kennsluna. Fjöldi nemenda sem er í forsvari fyrir hina ýmsu klúbba og nefndir á vegum nemendafélagsins (NFFA) eða tekur þátt í verkefnum á vegum skólans á árinu 2022 var 32 í samtals 14 félögum/nefndum/klúbbum/verkefnum:

Félög, klúbbar, nefndir, verkefni Nemendafélags FVA (NFFA)	kk	kvk
Stjórn NFFA	4	2
Melló, leiklistarklúbbur		2
GEY (Góðgerðarfélag Eynir)		2
Íþróttaklúbbur		2
Tónlistarklúbbur		1
Viskuklúbbur	1	
Hátíðarnefnd		2
Skutlan	2	
Pmax-klúbburinn	2	
Umhverfisnefnd	1	3
Heilsuefling		2
Skólaráð	1	1
Skólanefnd		1
Heimavistarráð	1	2
Samtals fjöldi nem.	12	20

Í jafnréttisvísi (C liður, 2. kafli) eru samandregnar upplýsingar um fjölda og kynjahlutfall nemenda í framangreindum félögum, nefndum, klúbbum og verkefnum.

Hinseginfélagið, Femínistafélagið Bríet og kvikmyndaklúbbur voru óvirk á árinu, að líkindum er um að ræða afleiðingar Covid tímabilsins.

C) Viðbótarmarkmið, aðgerðir og jafnréttisvísar

1. Ýmis viðbótarmarkmið og aðgerðir – staða í árslok 2022

Markmið	Aðgerð		Staða í árslok 2021	Staða í árslok 2022
Að efla vitund starfsfólks um stöðu jafnréttismála hjá FVA og stuðla að jafnrétti á öllum sviðum.	Fræðsluáætlun: Skipuleggja árlega fræðslu um jafnréttismál og kynjafræði fyrir starfsfólk FVA (aðstoðarskólameistari og jafnréttisráð)	Í lok vorannar ár hvert (í fyrsta sinn 2021) – er á dagskrá haustannar		Náðist að hluta.
	Gera árlega úttekt á stöðu jafnréttismála hjá FVA (jafnréttisvísar) og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki (jafnréttisfulltrúi)	Í árslok ár hvert - kynnt í framhaldi á vorönn		
	Skrifa kafla í ársskýrslu FVA um stöðu jafnréttismála (samþ. skólameistara og	Mái ár hvert		



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

	jafnréttisfulltrúa á niðurstöðum jafnréttisskýrslu fyrirleggjandi)			
	Huga að kynjasambættingu við stefnumótun og áætlanagerð (þarfir allra kynja uppfylltar; sjónarmið allra kynja fyrirleggjandi) (skólameistari)	Í stefnumótunarvinnu		
	Kennarar noti sjálfsmatsmælikvarða til að meta stöðu jafnréttismála í eigin kennslu (jafnréttisráð – mótun gátlista og eftirfylgd)	Lokið í maí 2021 og síðan árlega	Í vinnslu	Náðist að hluta.
	Viðhorfsskönnun meðal starfsfólks m.t.t. verkefna áætlunarinnar (jafnréttisfulltrúi. *1)	Des. annað hvert ár	Á ekki við	Náðist ekki – verður endurskoðað 2023 með hvaða hætti best er að haga þessu.
	Vinna tillögu að því að uppfæra jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannana (jafnréttisfulltrúi, jafnréttisráð, gæðastjóri, skólameistari)	Lokið a.m.k. mánuði áður en gildistími eldri áætlunar rennur út (feb.2023)	Á ekki við	Í vinnslu.

*1- Skoða þarf hverju viðhorfsskönnunin á að skila og hvernig á að leggja hana fram.

2. Jafnréttisvísar – staða í árslok 2022

Skammstöfun kynja í jafnréttisvísi: kk fyrir karlkyn, kvk fyrir kvenkyn og ke/a fyrir kynsegin/annað.

	1.8.2019		31.12.2020		31.12.2021		31.12.2022	
	kk (0)	0%	kk (0)	0%	kk (0)	0%	kk (0)	0%
Stjórnendateymi	kvk (5)	100%	kvk (5)	100%	kvk (5)	100%	kvk (5)	100%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
	kk (5)	56%	kk (5)	56%	kk (5)	56%	kk (5)	56%
Deildarstjórar	kvk (4)	44%	kvk (4)	44%	kvk (4)	44%	kvk (4)	44%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
	kk (2)	100%	kk (1)	50%	kk (1)	50%	kk (1)	50%
Skólaráð (kenn.)	kvk (0)	0%	kvk (1)	50%	kvk (1)	50%	kvk (1)	50%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
	kk (1)	50%	kk (2)	100%	kk (1)	50%	kk (1)	50%
Skólaráð (nem.)	kvk (1)	50%	kvk (0)	0%	kvk (1)	50%	kvk (1)	50%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
	kk (0)	0%	kk (0)	0%	kk (0)	0%	kk (0)	0%
Skólanefnd (kenn.)	kvk (2)	100%	kvk (1)	100%	kvk (1)	100%	kvk (1)	100%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Nemendafélag (NFFA)	kk (4)	67%	kk (4)	67%	kk (2)	33%	kk (4)	67%
	kvk (2)	33%	kvk (2)	33%	kvk (4)	67%	kvk (3)	33%



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Jafnréttisfulltrúi	kk (1)	100%	kk (1)	100%	kk (1)	100%	kk (0)	0%
	kvk (0)	0%	kvk (0)	0%	kvk (0)	0%	kvk (1)	100%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Jafnréttisráð	kk (2)	40%	kk (1)	25%	kk (1)	33%	kk (2)	67%
	kvk (3)	60%	kvk (3)	75%	kvk (2)	67%	kvk (1)	33%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Dagskólanem.	kk (229)	57%	kk (252)	58%	kk (251)	62%	kk (249)	64%
	kvk (174)	43%	kvk (179)	42%	kvk (153)	38%	kvk (142)	37%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Dreifnámsnem.	kk (42)	55%	kk (70)	65%	kk (86)	60%	kk (79)	54%
	kvk (35)	45%	kvk (37)	35%	kvk (57)	40%	kvk (68)	46%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Starfsfólk, kennarar	kk (23)	48%	kk (24)	49%	kk (24)	48%	kk (23)	51%
	kvk (25)	52%	kvk (23)	51%	kvk (26)	52%	kvk (22)	49%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Starfsfólk, aðrir	kk (2)	9%	kk (3)	14%	kk (3)	17%	kk (3)	18%
	kvk (21)	91%	kvk (18)	86%	kvk (15)	83%	kvk (14)	82%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Koss (starfsm.fél.)	kk (1)	20%	kk (1)	20%	kk (1)	20%	kk (1)	20%
	kvk (4)	80%	kvk (4)	80%	kvk (4)	80%	kvk (4)	80%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Starfsfólk, nefndir, ráð og verkefni (16)*1					kk (11)	31%	kk (15)	34%
					kvk (25)	69%	kvk (29)	66%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Nemendur, nefndir, ráð og verkefni (15)*2					kk (9)	37,5%	kk (3)	16%
					kvk (15)	62,5%	kvk (16)	84%
					ke/a (0)	0%	ke/a (0)	0%
Foreldraráð*3	kk ()						kk (0)	0%
	kvk ()						kvk (6)	100%
							ke/a (0)	0%

*1 Til viðbótar við það sem er tilgreint framar í jafnréttisvísi; 2022 hefur verkefnum fjölgað og eru tilgreind 18 í stað 16 áður

*2 Til viðbótar við það sem er tilgreint framar í jafnréttisvísi; 2022 eru nefndir/ráð/klúbbar færri og tilgreind 9 í stað 15 áður

*3 Foreldraráð (aðeins foreldrar/forráðamenn) var ekki starfandi 2019 -2021; nýtt ráð fullskipað haustið 2022

Fylgiskjal:
Jafnréttisáætlun FVA frá 2020